

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2011****2011/EES/37/06****frá 1. apríl 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/122/EB frá 14. september 2009 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Tilskipanir ráðsins 71/307/EBE ⁽³⁾, 72/276/EBE ⁽⁴⁾ og 75/36/EBE ⁽⁵⁾ hafa verið felldar brott í ESB og ber því að fella þær úr samningnum.
- 4) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 87/142/EBE ⁽⁶⁾ og 87/185/EBE ⁽⁷⁾ vísa til úreltra gerða og ber því að fella þau úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XI. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 71/307/EBE), 2. liðar (tilskipun ráðsins 72/276/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 75/36/EBE), 5. liðar (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 87/142/EBE) og 6. liðar (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 87/185/EBE) falli brott.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 4a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB):
„– **32009 L 0122**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/122/EB frá 14. september 2009 (Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 14).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/122/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 185, 16.8.1971, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 173, 31.7.1972, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 14, 20.1.1975, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 57, 27.2.1987, bls. 52.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 75, 17.3.1987, bls. 28.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.